

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í IV. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 segir í 1. mgr. 33. gr:

**Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað**, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. **Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda.**

Í áliti Umboðsmanns alþingis dagsett 11. október (mál nr. 11167/2021) segir m.a:

**Ákvæði IV. kafla laga nr. 6/1986 fjalla í heild sinni um þau úrræði sem umráðamanni lands eru tiltæk í krafti eignarréttar við þær aðstæður að hann verður fyrir ágangi búfjár. eru þau í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins og styðjast þar að auki við þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.**

Með tilvísun til ofangreindra laga og álits umboðsmanns, óskar undirritaður umráðamaður jarðarinnar Birnustaða 1 að sveitastjórn ákveði þegar að láta smala ágangsfé sem hefur nú ratað í mitt heimaland og skili því eitthvert þar sem það má vera.

Þar sem um leyfislausu og ólöglega hagnýtingu annarra á landareign minni er að ræða er óskað eftir að smölun fari fram hið allra fyrsta, þannig að fjárhagslegt tjón mitt vegna hins ólöglega ágangs verði lágmarkað.

Undirritaðu áskilur sér rétt til að krefja eigendur ágangsins um fullar bætur vegna tjóns af hans völdum. Ef óásættanleg seinkun verður á smölun ágangsfjárins af hálfu sveitarfélagsins áskilur undirritaður sér rétt til að krefja það um bætur vegna tjóns af hennar völdum.

Staður: Birnustöðum 1, 804 Selfoss Dagsetning: 15. júní 2023

Virðingarfyllst,



